




Dr. Sigrún Júlíusdóttir

Börn í Reykjavík

Höfundur: Guðjón Friðriksson.

Mál og Menning. Reykjavík 2025. 638 bls.

ISBN 978-9979-3-5177-1.



Börn í Reykjavík er vönduð og vegleg bók um sögu og lífsaðstæður barna um 100 ára skeið á tímum byltingarkenndra breytinga á íslensku samfélagi. Er óhætt að segja að hér er komið fram tímamótaverk um þetta efni, en ekki hefur verið fjallað um það áður á þennan hátt, hvorki að umfangi né gæðum. Það kom því ekki á óvart að höfundurinn, Guðjón Friðriksson, skyldi hljóta íslensku bókmenntaverðlaunin 2024 í flokki fræðibóka fyrir þetta verk, en Guðjón er fyrstur til að hljóta þá viðurkenningu í fjórða sinn! Þegar Guðjón tók við verðlaununum á Bessastöðum í janúar sl. hafði hann þau orð um börn og stöðu þeirra fyrr og nú að öllum börnum væri það eðlilegt að leika sér, eða „lyfta sér á kreik“. Hefðbundið og öruggt leikjalíf barna á fyrri öld bar hann saman við gjörólík lífsskilyrði barna í stríðhrjáðum löndum okkar samtíma. Stríðsrekstur svipti börn ekki aðeins öryggi, gleði og leik heldur séu þau fórnarlömb grimmilegrar eyðileggingar, þau verði

fyrir sorg og missi sinna nánustu, lendi á vergangi og þeim sé jafnvel rænt.

Bókin *Börn í Reykjavík* er ætluð almenningi, en jafnframt er hún fengur fyrir fræðafólk og fagstéttir sem starfa við uppeldi, kennslu og velferðarmál barna. Hún fjallar um daglegt líf, leiki og fjölbreytilegar aðstæður íslenskra barna í aldarspegli, og er dýrmætt endurlit fyrir þá sem enn lifa og muna það skeið. Um leið er ritið einstök heimild um misjafnar uppeldisaðstæður barna sem eru skoðaðar í ljósi síns tíma, með kostum hans og göllum. Þá mynd má tengja og jafnvel bera saman við ógnir og áskoranir vegna örskotshraða tækniþróunar og samskipta- og tengslafirringar sem börn og foreldrar standa frammi fyrir á okkar öld. En, eins og Guðjón benti líka á við verðlaunaafhendinguna, hefur nú verið verulega bætt úr réttleysi barna frá örófi alda með aukinni vitund og viðurkenningu á þörfum þeirra og ýmsum lagaumbótum.

Verkið er tilkomið fyrir atbeina Barnavinafélagsins Sumargjafar á 100 ára afmæli félagsins, en það var stofnað sumardaginn fyrsta 1924.

Í formála núverandi formanns félagsins að bókinni kemur fram að tilgangur þess hafi verið að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði barna í Reykjavík og vernda þau fyrir óhollum áhrifum. Þannig var Sumargjölf brautryðjandi í stofnun og rekstri leikskóla og barnaheimila þar til Reykjavíkurborg tók við árið 1978. Á síðustu árum hefur Sumargjölf breytt áherslum sínum og stutt og styrkt fjölmörg rannsóknar- og þróunarverkefni sem snerta velferð, vanda og þroska barna, m.a. á sviði félagsráðgjafar.

Mál og menning á hrós skilið fyrir hversu vel hefur tekist til með útgáfuna, allan búning bókarinnar og hversu aðgengileg hún er, þrátt fyrir umfang og þyngd. Bókin er það mikil að vöxtum, nánast í A4-broti, um 625 blaðsíður og 5 cm að þykkt, að hún er ekki auðveld til rúmllesturs! Hins vegar

sómir hún sér vel á sófaborði til að blaða í, hrífast af myndum og máli og ræða efnið við gesti.

Öll framsetning og frágangur bókarinnar er til sóma bæði frá fræðilegu og hagnýtu sjónarmiði. Þar skiptir miklu sagnfræðipekking Guðjóns Friðrikssonar, sem er ekki aðeins lipur, lifandi penni og fræðimaður á sviði sagnfræði og samfélags, heldur vegur ekki síður þungt skilningur hans og áhugi á efninu.

Vert er að nefna umbrot og hönnun bókarinnar sem er með þægilegri leturgerð og eldgulrauði liturinn á hér einkar vel við. Myndirnar eru, í ljósi tímans sem þær vísa til, svarthvítar, stundum með brúnum eða bláleitum blæ og er þeim oft blandað saman á síðu og jafnvel skeytt skemmtilega saman svo minnir á gamalt alþýð. Ein nýlunda er að klippa af hluta heilsíðu, en hún standi samt sjálfstæð, og brjóta þannig um leið upp samskeytingarformið.

Myndefnið er ekki aðeins prýði heldur viðbótarvidd sem veitir sjónræna innsýn í tímabilið og eykur þannig um leið heimildagildi bókarinnar. Öll grafíska hönnunin fer einkar vel við sjálfan textann sem er lipurlega skrifaður og í gamansömum tón en alltaf trúir efninu og virðingu fyrir börnum.

Bókin sjálf skiptist eftir efnispáttum í 43 kafla með mislögum undirköflum og hnyttum fyrisögnum og tilvísunum til áhrifavalda á þróunina í aðstæðum barna, viðtala og mynda.

Fyrisögn inngangskaflans er lýsandi: „Úr sveit í borg“ og speglar samfélagsbreytingar og umturnun í hugarfari, hegðun og lífsháttum foreldra og barna á undangenginni öld. Sveitin og borgin voru tveir ólíkir menningarheimar og einkum um miðbik þessa tímabils nutu þess mörg

börn, eða liðu fyrir, að þurfa að laga sig að þeim báðum með því að vera „send í sveit“, oft í nokkra mánuði á ári, sbr. nánari frásögn í undirkaflanum „Að fara í sveitina“. Í köflunum um þróun skólamála og möguleika barna á skólagöngu eru sögu þessara mála gerð góð skil á afar skemmtilegan og áhugaverðan hátt. Má þar nefna kaflann „Byltingin í Austurbæjarskóla“ og umfjöllun um Laugarnesskóla. Skólinn er miðlægur og í bókinni er fjallað um hin margvíslegustu efni tengd skólastarfi, svo sem viðkvæmni fyrir sérstöðu og sérþörfum barna, bekkjar Röðun eftir námsgáfum og stimplun og skömm sem fylgdi matargjöfum. Einkar vel og af næmni er fjallað um börn í erfiðum aðstæðum, allt frá „götubörnum“ og leikvallalífi til barnaverndar, tossabekkja og braggabarna. Þá fá „óhreinu börnin hennar Evu“ vandaða umfjöllun. Ekki síst þótti mér fróðlegt að lesa um „nótturnar“ sem kennarar héldu um mannasiði og sprell nemenda. Varð mér hugsað til vanda kennara í dag við að halda uppi aga í bekkjum grunnskólans og þeirra uppeldissvika sem börn þurfa oft að sæta í (ó)menningu samtímans. Frjálslyndi eða óöryggi gagnvart markasetningu og leiðsögn, af hálfu bæði foreldra og kennara, getur birst í því að börnum eru ekki innrættir mannasiðir, eins og að þakka fyrir sig, sýna merkingu gjafa virðingu eða viðurkenna rótgróin gildi hófsemi og agaðra samskipta.

Kaflinn „Stríðsárabörnin“ fjallar um þá feiknalegu breytingu sem hernám Bretanna 10. maí 1940, með komu um 25.000 hermanna á Reykjavíkursvæðið, skapaði og gegnsýrði allt samfélag barna. Þessu er lýst með sláandi tilvitnunum í reynslu og sýn barna sem mundu gjafir og gylliboð (mútur) hermanna, og þau undur og stórmerki sem slík reynsla færði börnum. Í fram-

haldi af hernáminu tóku Bandaríkin að sér „hvernd Íslands“. Áhrifa þess gætir enn í hugum þeirra sem nú eru komnir á efri ár og fylgjast með herveldaátökum okkar heims í dag.

Kaflinn „Leikir barna framan af“ lýsir skemmtilega meinlausum hverfa-erjum, flokkadráttum og hópleikjum en líka stelpuleikjum og strákaleikjum sem líklega þættu hugmyndafræðileg tímaskekkja í dag. Leikir barna og leikfangaval, þykjustu- og hlutverka-leikir og hátíðahald endurspegluðu undirbúning og sprota fullorðinslífs og tengdust stéttarstöðu foreldra, búsetu þeirra og fjárhag, í ýmsu líkt og í dag. Annað skemmtilegt dæmi um efnispætti og sjónarhorn þessu tengt er kaflinn „Orðbragð í henni Reykjavík“. Hér er ekki aðeins sagt frá kostulegum tilsvörum sem náðu fótfestu í málinu, heldur tengist þetta líka samskiptum kynslóðanna á þeim tíma þegar þrjár til fjórar kynslóðir bjuggu gjarnan saman á heimili. Þá var þróun fjölskyldugerða og samfélags hægari og ferringin minni. Síðustu kaflarnir fjalla um tölvuöld, nýöld og nýja stöðu barna. Sú umfjöllun er í senn vel skrifuð og ágætlega afmörkuð. Þau aldahvörf eiga skilið ítarlega greiningu fræðimanna á sviði samskipta, sagnfræði og félagsvísinda.

Gaman væri að rekja enn fleiri efnispætti og undirkafla þeirra en það yrði of langt mál að gefa þeim öllum rými í stuttri bókarkynningu. Því hef ég orðið að láta nægja að nefna nokkra sem „smakk“ eða sýnishorn í því skyni að vekja áhuga lesenda *Tímaritsins* á að eignast bókina. Hún nærir samfélags-sögulegan áhuga faghóps félagsráðgjafa og veitir um leið lifandi innsýn í liðna tíð og uppvaxtarastæður fyrri kynslóða, okkar ættar og foreldra, ömmu og afa.